

Nd.**408. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:				
1.	Nr. 3 í 13. kafla orðist svo: 3 — skellakk	1 kg	7	8
2.	Á eftir nr. 13 í 15. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 13a — tréolia	—	2	8
3.	Nr. 8 í 25. kafla orðist svo: 8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	—	7	8
4.	Nr. 12 í 28. kafla orðist svo: 12 — maurasýra, oxalsýra, vínsýra, mjólkursýra og benzóesýra	—	7	8
5.	Á eftir nr. 56 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 56a — sölt feitísýra, ót. a.	—	7	8
6.	Nr. 59 í 28. kafla orðist svo: 59 Sótthreinsunarefni, ót. a., efni til varnar gegn og til útrýmingar skordýrum, illgresi og sveppum, ratin og önnur efni til útrýmingar músun og rottum, svo og efni til að hreinsa burtu eða koma í veg fyrir ketilstein, og steinsteypuvatnsþéttiefni	—	7	8
7.	Á eftir nr. 60 í 28. kafla komi tvö ný nr., svo hljóðandi: 60a Estur og etur, er notuð eru sem upplausnarefni og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra	—	7	8
	60b Sellulósaderívatar, ót. a.	—	7	8
8.	Nr. 32 í 30. kafla orðist svo: 32 — oliufernis	—	7	10
9.	Á eftir nr. 4 í 32. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi: 4a sulfórisínöt, sulfóoleöt, sulfóresínöt og alkylsulföt ..	—	7	8
10.	Nr. 1 í 33. kafla orðist svo: 1 Ostaeefni (kaseín)	—	7	8
11.	Nr. 1 í 38. kafla orðist svo: 1 Loðskinn, ósútuð og að öðru leyti óunnin	—	7	30
12.	Nr. 5 í 46. kafla B orðist svo: 5 — annað	—	20	15
13.	Nr. 11 í 46. kafla B orðist svo: 11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	40
14.	Nr. 12 í 46. kafla B orðist svo: 12 Vefnaður, ót. a.	—	20	30
15.	Nr. 4 í 47. kafla tollskrárinnar falli niður.			
16.	Nr. 12 í 47. kafla tollskrárinnar orðist svo: 12 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	40
17.	Nr. 13 í 47. kafla orðist svo: 13 Vefnaður, ót. a.	—	20	30
18.	Nr. 14 í 47. kafla falli niður.			
19.	Nr. 1 í 48. kafla falli niður.			
20.	Nr. 6 í 48. kafla orðist svo: 6 — netjagarn	—	2	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
21. Nr. 14 í 48. kafla orðist svo: 14 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	1 kg	20	30
22. Í stað nr. 15—17 í 48. kafla kemur:			
15 — Segldúkur	—	2	5
16 — óbleiktar og ólitaðar	—	20	10
17 — einlitar og ómunstraðar	—	20	15
18 — aðrar	—	20	20
23. Athugasemdin á eftir 48. og 49. kafla falli niður.			
24. Nr. 2 í 49. kafla orðist svo:			
2 — hampur			tollfrjáls
25. Í stað nr. 5—9 í 49. kafla kemur:			
— úr hör eða ramí:			
5 — — netjagarn	—	2	2
6 — — tvinni	—	20	8
7 — — annað	—	20	10
— úr hampi:			
8 — — netjagarn	—	2	
9 — — botnvörpugarn	—	2	2
9a— — annað	—	7	8
9b— úr jútu	—	7	8
9c— úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	7	8
26. Nr. 19 í 49. kafla orðist svo:			
19 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar	—	20	30
27. Í stað nr. 20—25 í 49. kafla kemur:			
Ofnar vörur, ót. a.:			
20 — segldúkur	—	2	5
— óbleiktar og ólitaðar:			
21 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	10
— — úr jútu:			
22 — — — umbúðastrigi	—	2	
23 — — — aðrar	—	20	10
24 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	10
— einlitar og ómunstraðar:			
25 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	15
26 — — úr jútu	—	20	15
27 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	15
— aðrar:			
28 — — úr hör, hampi eða ramí	—	20	20
29 — — úr jútu	—	20	20
30 — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla	—	20	20
28. Nr. 1 og 2 í 50. kafla orðist svo:			
1 — úr silki, gervisilki og öðrum gerviþráðum	—	7	8
2 — úr öðrum spunaefnum	—	7	8
29. Orðið „impregneruð“ í fyrirsögninni á undan nr. 29 í 50. kafla falli niður.			
30. Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:			
35 — — annars	—	20	30

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
31. Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:			
39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum	1 kg	20	45
40 — annars	—	20	40
32. Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:			
7 — prjónavoð	—	20	30
33. Nr. 8 í 51. kafla orðist svo:			
8 — sokkar og leistar	—	20	30
34. Nr. 10 í 51. kafla orðist svo:			
10 — nærfatnaður	—	20	40
35. Nr. 13 í 51. kafla orðist svo:			
13 — prjónavoð	—	20	30
36. Nr. 14 í 51. kafla orðist svo:	—	20	30
14 — sokkar og leistar	—	20	30
37. Nr. 16 í 51. kafla orðist svo:			
16 — nærfatnaður	—	20	30
38. Nr. 19 í 51. kafla orðist svo:			
19 — prjónavoð	—	20	20
39. Nr. 20 í 51. kafla orðist svo:			
20 — sokkar og leistar	—	20	25
40. Nr. 22 í 51. kafla orðist svo:			
22 — nærfatnaður	—	20	25
41. Nr. 25 í 51. kafla orðist svo:			
25 — prjónavoð	—	20	20
42. Nr. 26 í 51. kafla orðist svo:			
26 — sokkar og leistar	—	20	25
43. Nr. 28 í 51. kafla orðist svo:			
28 — nærfatnaður	—	20	25
44. Í stað nr. 1—3 í 52. kafla og undirfyrirsagnar á undan þeim númerum kemur:			
— úr efni, sem er borið olíu, lakki, fernis, kátsjúk eða öðrum þess konar efnum:			
1 — — úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum ..	—	20	60
— — úr öðrum spunaefnum:			
2 — — — regnkápur	—	20	35
3 — — — sjóklæði	—	2	25
3a — — — önnur	—	20	50
45. Nr. 6 í 52. kafla orðist svo:			
6 — nærfatnaður	—	20	40
46. Nr. 8 í 52. kafla orðist svo:			
8 — nærfatnaður	—	20	40
47. Nr. 10 í 52. kafla orðist svo:			
10 — — — nærfatnaður	—	20	25
48. Nr. 12 í 52. kafla orðist svo:			
12 — — — nærfatnaður	—	20	25

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
49. Í stað nr. 5—8 í 63. kafla kemur: Járnplötur:			
— þynnri en 3 mm:			
— — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar:			
5 — — — möskvaðar	1 kg	2	8
6 — — — báraðar	—	2	
7 — — — annars	—	2	8
8 — — aðrar	—	2	8
— 3 mm á þykkt eða meira:			
8a — — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar	—	2	
8b — — aðrar	—	2	
50. Nr. 63 í 72. kafla orðist svo:			
63 — aðrar	—	7	8

2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Breytingar á aðflutningsgjöldum skal miða við það, hvenær vörur þær, sem breytingarnar taka til, eru teknar til tollmeðferðar, en vara telst tekin til tollmeðferðar, er hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vörurnar, sem afhenda skal þangað vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða vörurnar þegar í stað.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. liður 1. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum hæstv. fjármálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. eða fylgja breytingartillögum, semí fram kunna að koma. — Frumvarpinu fylgdu frá ráðuneytinu eftirfarandi skýringar og athugasemdir:

Borizt hafa beiðnir um breytingar á tollskránni. Fjármálaráðuneytið hefur athugað beiðnir þessar, og eru þær af þeim, sem ástæða hefur þótt að verða við, teknar upp í frumvarp þetta. Þá eru teknar upp í það breytingar, sem framkvæmdin hefur leitt í ljós, að æskilegar eru. Loks er gert ráð fyrir ýmsum lækkunum á aðflutningsgjöldum eftir 1. gr. laganna af vörum, sem koma nú undir 18. gr., en þessar lækkunir í 1. gr. vill ráðuneytið gera til þess að fyrirbyggja hækkun á verðlagi ýmissa nauðsynjavara, er 18. gr. fellur úr gildi.

Gerð er grein fyrir einstökum atriðum hér á eftir.

Um 1. grein.

1. Skellakk er einungis notað til iðnaðar og mikið í lökk. Vegna notkunar þess þykir rétt að leggja til, að verðtollurinn á því verði lækkaður eins og hér er gert ráð fyrir.
2. Tréolía, sem er nú í 7 aura vörumagnstolli, er notuð í fernis á sama hátt og linolía, sem er í 2 aura vörumagnstolli. Þar eð rétt þykir, að oliur þessar séu tollaðar á sama hátt, er lagt til, að vörumagnstollurinn á tréolíu lækki í 2 aura.
3. Grafít er mikið notað í ýmiss konar iðnað. Á því þykir óeðlilega hár verðtollur, og er því lagt til, að hann verði lækkaður úr 30% í 8%.
4. Benzóesýra er notuð sem rotverjandi efni í ýmiss konar vörur. Hún er sem slík notuð sem hráefni í lökk og lakkmalningu, en á henni er hærri verðtollur en á þessum vörum, sem hún er sem sagt m. a. notuð í. Vegna þessa og vegna notk-

unar þessarar sýru yfirleitt er lagt til, að verðtollurinn á henni verði lækkaður og hún sett í kafla eins og hér er gert ráð fyrir.

5. Alumíníumstearat er þýðingarmikið hráefni í ýmiss konar lökk og málningu, en af því er hærrí verðtollur en af þessum vörum. Þykir því rétt, að verðtollurinn á því verði lækkaður eins og hér er gert ráð fyrir. Hins vegar þykir ekki rétt að taka þetta efni af öðrum sams konar út úr og tolla það lægra en þau. Lagt er því til, að lækkunin taki og til annarra sams konar efna, að undanteknum venjulegum sápum.
6. Lagt er til, að undir nr. 59 í 28. kafla komi ekki aðeins efni til útrýmingar meindýrum þeim, sem þar eru talin, heldur og efnalega hliðstæð efni til varnar gegn þeim. Efni þessi koma nú aðallega í nr. 61 í 28. kafla, og er því á þeim hærrí tollur en á útrýmingarefnunum. Fyrir gildistöku tollskrárinnar var þéttiefni í steinsteypu í aðeins 8,96% verðtoli, en samkvæmt nügildandi tollskrá eru efni þessi í 30% verðtoli. Vegna þess, að rétt þykir að stuðla að notkun þessara nauðsynlegu efna í steinsteypu, er lagt til, að verðtollurinn af þeim verði lækkaður til samræmis við það, sem hann var áður, og því eru þéttiefni þessi talin með í nr. 59 í 28. kafla, en ekkert er því til fyrirstöðu, að þau séu tekin með í þetta tollskrárnúmer með þeim vörum, sem eru þar fyrir.
7. Ýmis estur og etur, þar á meðal bútylacetat, etylacetat, etylglykol, díbútylftalat og trikresylfosfat, sem koma undir nr. 61 í 28. kafla tollskrárinnar, eru notuð sem upplausnarefni í margs konar iðnað, t. d. til framleiðslu á lakki, sem kemur í lægri verðtoll. Þykir rétt að lækka verðtoll á þessum upplausnarefnum, sem eru notuð til framleiðslu á lægra tolluðum fullunnum vörum.
Þá er lagt til, að lækkaður sé verðtollur á sellulósaderivötum, t. d. acetylsellulósa og hensylsellulosa. Umræddir sellulósaderivatir eru notaðir í lökk og því ekki ástæða til að tolla þá hærra en önnur hráefni í lökk.
8. Oliufernis (fernisolía) er framleiddur hér á landi, en á honum eru frekar lágir tollar. Þykir rétt að veita þessari framleiðslu nokkra vernd umfram þá, sem hún hefur notið, og hækka því nokkuð á henni tollana, sérstaklega með tilliti til þess, að sömu tollar eru nú á oliufernis og á línolíu, sem er notuð í oliufernisinn.
9. Efni þau, sem hér um ræðir, eru sérstaklega notuð við spunaiðnaðinn, t. d. ullarþvott. Hafa þau því mikla þýðingu fyrir innlenda ullariðnaðinn, og er því lagt til, að verðtollurinn á þeim verði lækkaður í 8%.
10. Kaseín er notað í lim og limmálningu, og þykir rétt, að tollarnir á því séu í samræmi við tollinn á öðrum hráefnum í málningu.
11. Loðskinn ýmissa smádýra eru mikið notuð sem fóður í fataiðninni, t. d. sem fóður í hanzka og húfur, en vörur þessar, sem loðskinnin eru notuð í, eru í lægri tolli en loðskinnin. Auk þess má segja, að óeðlilega lítill munur sé á tollunum á loðskinnavörum annars vegar og óunnu loðskinnunum hins vegar. Í Noregi og Svíþjóð, sem framleiða mikið af loðskinnum, er helmingsmunur á tollinum á þessum vörum, svo að það væri óhætt vegna framleiðslu okkar á loðskinnum að lækka tollinn á þeim um helming, eins og farið er fram á, enda mundi það stuðla að nýtingu þessara vara innanlands. Lagt er til, að verðtollurinn af óunnum loðskinnum verði lækkaður í 30%.
12. Venjulegur vefnaður og þrjónavoð úr gervisilki eiga að koma í 30% verðtoll, en er 18. gr. tollskrárlaganna fellur úr gildi, kemur gervisilkigarnið, að óbreyttum hér um ræddum tollskrárlíð, í 40% verðtoll. Það er að sjálfsögðu ekki rétt, að gervisilkigarnið sé í hærra tolli en vefnaðurinn og þrjónavoðin úr því, og er þess vegna gert ráð fyrir því hér, að garnið verði lækkað í 15% verðtoll, eða komi sem sé í helmingi lægri verðtoll en tilsvareandi vefnaður og þrjónavoð, eins og verður með ullargarnið og hörgarnið.
- 13., 16., 21. og 26. Munurinn á böndum og borðum og ósaumuðum og ótilsniðnum vefnaði er ekki annar en sá, að á hinum fyrrnefndu vörum er faldur, og þær mega ekki fara yfir tiltekna breidd. Ósaumuð og ótilsniðin vefnaðarvara úr

sömu efnunum og hér umrædd bönd og borðar verða aðeins í 20% og 30% verðtollu, en böndin og borðarnir koma í 60% verðtoll. Vegna þessa óeðlilega tollmismunar á ekki meira frábrugðnum vörum er lagt til, að verðtollurinn á böndunum og borðunum verði ekki nema 10% hærri en verðtollurinn á tilsvarendi ósaumudum og ótilsniðnum vefnaðarvörum.

- 14., 17., 22., 27., 32.—43. og 45.—48. Lækkunarþær á aðflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, eru gerðar til þess að fyrirbyggja lækkunarþær á verðlagi vara, sem koma undir 18. gr. tollskrárlaganna, er sú grein fellur úr gildi. Mestu nauðsynjavörurnar, eða óbleiktur og ólitaður baðmullarvefnaður, sem er ýmist notaður til umbúða um innlendar framleiðsluvörur eða til iðnaðar, og slitfataefni, svo sem efni í verkamannaföt (overalls) og önnur vinnuföt, verða áfram í sömu tollum og þessar vörur eru nú í eftir 18. gr. tollskrárlaganna. Þá verður allt algengt léreft í svipuðum tollum og áður. Á öðrum nauðsynlegum vefnaðar- og þrjónavörum eru gerðar það verulegar lækkunarþær, að þó að 18. gr. falli niður, getur ekki orsakað nein veruleg breyting á verðlagi þessara vara. Í nr. 22 er gerð breyting á niðurröðun ofinna vara úr baðmull, og í nr. 27 er gerð svipuð breyting á niðurröðun vara úr hör, hampi, rami, jútu og öðrum spunaefnum 49. kafla. Formbreyting þessi er tekin eftir tollskrárfrumvarpi þjóðabandalagsins, en skiptingin byggist á mismunandi gerð varanna, framleiðslukostnaði þeirra og verði á heimsmarkaðinum. Skiptingin er skynsamlegri og auðveldari í framkvæmd en skiptingin á baðmullarvefnaðinum í 18. gr. tollskrárlaganna, en sú skipting, sem er frá 1933, var tekin eftir skýrslum um vöruinnflutning ársins 1929.
15. Eitt aðaleinkenni tvinna er það, að hann er gljádur með steiningarefnum. Ullargarn er ekki látið sæta þeirri meðferð eða annarri sérstakri meðferð, sem silki-, gervisilki-, baðmullar- og hörgarn er látið sæta til þess að úr því verði tvinni. Nr. 4 í 47. kafla er því aðeins til að villa, og er því lagt til, að það númer verði fellt niður.
18. Það er ætlað til, að skiptingin á milli karlmannafataefna úr ull og annarra efna úr sama efni verði felld niður. Það hefur alltaf síðan karlmannafataefni úr ull komu í sérstakan toll verið örðugleikum bundið að gera mun á þessu tvennu, enda verður ekki séð, að ástæða sé til að tolla karlmannafataefni úr ull öðruvísi en kjólaefni, kápuefni og barnafataefni úr sama efni.
19. Vara sú, sem um ræðir undir nr. 1 í 48. kafla, er vatt, og á hún því að réttu lagi að koma undir nr. 2 í 50. kafla. Þar eð umrædd vara er ranglega sett í 48. kafla og að eftir breytinguna á nr. 2 í 50. kafla, sem um ræðir undir 28 hér á eftir, kemur hún í sömu tolla og nú, er lagt til, að hér umræddur 1. liður 48. kafla verði felldur niður.
20. Þorskanet eru nú í sömu tollum og netjagarn úr baðmull, en síðan ófriðurinn hófst og örðugleikar urðu á því að fá hampgarn, hefur baðmullargarn verið notað til hnýtingar á þorskanetum. Netagerðirnar hafa farið fram á vernd fyrir iðju sína, og er því lagt til, að verðtollurinn á netjagarni verði felldur niður.
23. Eftir að hin nýja skipting á ofnu vörum úr baðmull og hör hefur verið gerð, á skilgreiningin á segldúknunum ekki alls kostar við, og er því lagt til, að athugasemdirnar verði felldar niður og skilgreiningin verði ákveðin af framkvæmdarvaldinu, eins og yfirleitt aðrar skilgreiningar á tollskránni.
24. Allur hampur til veiðarfæragerðar hefur verið tollfrjáls síðan 1935, og er hann nú tollfrjáls samkvæmt m-lið 2. gr. tollskrárlaganna, en það tollfrelsi fellur niður við árslok 1943. Þykir rétt að framlengja þessa undanþágu og fella hana inn í tollskrána og gera allan hamp tollfrjálsan, enda hefur hann aðallega verið fluttur inn til veiðarfæragerðar. Á veiðarfærum eru, sem kunnugt er, mjög lágir tollar.
25. Fyrst og fremst er gerð nokkur breyting á niðurröðuninni á garninu, og þykir hún til bóta. Þá eru þrjár efnisbreytingar. Er fyrst sú, að ætlað er til, að lækk-

aðir verði tollarnir á netjagarni úr hör, en innflutt hefur verið sérstök tegund af hörgarni, sem er notað til að hnýta og bæta silunganet. Garn þetta hefur verið sett undir nr. 6 í 49. kafla með 7 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli, en af innfluttum hnýttum silunganetum er aðeins 2 aura vörumagnstollur og 2% verðtollur. Til þess að bæta úr þessu óeðlilega misræmi er lagt til, að tollarnir á umræddu silunganetagarni verði lækkaðir til samræmis við tollana á netunum. Önnur breytingin er sú, að verðtollurinn á hörgarni er lækkaður úr 40% í 10%, en þetta er gert vegna lækkunarinnar á sama tolli af vefnaði og þrjónavoð úr hör. Verður þar helmingsmunur. Þriðja breytingin er sú, að netjagarn úr hampi er tekið hér með og sett í 2 aura vörumagnstoll, en það átti að vera tollfrjálst samkvæmt m-lið 2. gr. tollskrárlaganna til ársloka 1943. Það þykir ekki rétt að hafa það tolllaust með öllu, eins og hampinn, því að ef það yrði gert, yrði engin vernd fyrir hampspunastofurnar, sem spinna garnið.

28. Það er óeðlilega háur tollur á vatti og vattvörum miðað við tollinn á vefnaði og flóka, sem eru hvor tveggja meira unnar vörur en vattið. Lagt er því til, að tollurinn af vatti og vattvörum verði lækkaður til samræmis við tollinn af flóka.
29. Það er ógerningur að skera úr því, hvort tiltekinn vefnaður hefur verið impregneraður eða ekki, nema með rannsókn, en slíkt er tafsamt í framkvæmdinni, enda hugtakið impregneraður auk þess mjög óljóst. Það er því lagt til, að orðið impregneruð verði fellt úr undirfyrirsögninni, enda er þetta orð af fyrrgreindum ástæðum ekki tekið með í tollskrár flestra nágrannaríkjanna.
30. Regnkápur úr öðru en silki- og gervisilki verða í 35% verðtolli, en aðalefnið í þær, sem kemur undir nr. 35 í 50. kafla, verður að óbreyttum þessum tollskrárlið í 50% verðtolli, er 18. gr. tollskrárlaganna fellur úr gildi, eða í 15% hærri verðtolli en kápurarnar. Lagt er til, að 5% lægri verðtollur verði af efninu í kápurarnar en af kápunum.
31. Rétt þykir að lækka verðtollinn af teygjuvörum þeim, sem koma undir nr. 39 í 50. kafla, þar eð verðtollurinn af þeim er 10% hærri en af vörum þeim, sem þær eru notaðar í, en það eru aðallega vörur þær, sem taldar eru í nr. 26 og 27 í 52. kafla tollskrárinnar. Þá þykir rétt að lækka um 10% verðtollinn af teygjuvörum þeim, sem koma undir nr. 40 í 50. kafla, svo að þessar vörur beri það lægri verðtoll en þær vörur, sem þessar teygjuvörur eru notaðar í.
44. Það eru þrjár efnisbreytingar, sem ætlazt er til, að gerðar verði með þessum 44. lið. Sú er fyrst, að orðið impregnerað verði fellt niður úr undirfyrirsögninni, en til þessarar niðurfellingar eru sömu ástæður og til niðurfellingar þeirrar, sem um ræðir undir 29. lið hér að framan. Önnur breytingin er sú, að föt þau og fatahlutar úr silki og gervisilki, sem eru þannig gerð, að þau koma nú undir nr. 1—3 í 52. kafla, eru sett í 60% verðtoll, eins og efnið í þessi föt og fatahluta, en það kemur undir nr. 34 í 50. kafla. Þriðja breytingin er sú, að ætlazt er til, að verðtollurinn á regnkápum úr öðru en silki og gervisilki verði lækkaður um 5% frá því, sem hann er nú ákveðinn í nr. 1 í 52. kafla.
49. Fyrst og fremst er hér um að ræða breyting á flokkun járnplatanna, en hún er gerð til þess, að flokkunin á járnplötunum verði gleggri en hún er nú. Blikk eru þær plötur taldar, sem eru þynnri en 3 mm., og er það í samræmi við þann skilning, sem fylgt hefur verið í framkvæmdinni. Blýhúð er víðast látin fylgja zinkhúðun (galvanhúðun). Undir nr. 6 kemur bárujárníð svokallaða, en undir nr. 5 kemur svokallað steypustyrktarnet, sem nú er í 7 aura vörumagnstolli og 30% verðtolli, en þar eð hér er um að ræða mikla nauðsynjavöru í byggingariðnaðinum, er lagt til, að tollarnir á þessari vöru verði lækkaðir eins og hér er gert ráð fyrir. Eina efnisbreytingin, sem hér um ræðir, er þessi breyting á tollunum á steypustyrktarnetinu.
50. Það koma ýmsar iðnaðarvélar undir nr. 63 í 72. kafla, sem ekki er síður ástæða til að séu í lágum tolli en sumar þær vélar, sem eru taldar í nr. 49—62 í 72. kafla. Rétt þykir, að allar iðnaðarvélar verði í sama tolli, og er því lagt til, að verð-

tollurinn í nr. 63 í 72. kafla sé lækkaður til samræmis við verðtollinn í númerunum á undan.

Um 2. gr.

Eins og 19. gr. tollskrárlaganna er nú orðuð, á hún aðeins við það atvik, er tollskráin öðlaðist fyrst gildi, en ekki við síðari breytingar á henni. Það þykir því rétt, að sama regla og gildi við gildistöku tollskrárinnar gildi við síðari breytingar á henni, og því er 19. gr. breytt í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir, enda er þessi regla heppilegri en regla sú í þessu efni, sem leiðir af 1. mgr. 27. gr. laga nr. 63/1937, um tollheimtu og tollaftirlit. Þá er sú breyting gerð, að miðað er við það, hvenær tollmeðferðin hefst, en ekki við það, hvenær henni lýkur, en það fyrra er heppilegra, þar eð hið síðara getur leitt til þess, að tollskoða þurfi vörunar og gefa þurfi út tollreikning á ný samkvæmt breytingunni, sem hefur komið til meðan tollmeðferð hefur staðið yfir.

Um 3. gr.

Með 2. lið 1. gr. laga nr. 105/1940 var lækkaður verðtollur á prjónavoð úr gervisilki. Var þetta gert vegna þess, hve lágur verðtollur var á vefnaði úr gervisilki vegna ákvæða 18. gr. tollskrárlaganna. Er 18. gr. fellur úr gildi, kemur gervisilkivefnaðurinn í 30% verðtoll, og þykir sjálfsagt, að sami tollur verði á prjónavoð úr sama efni, og er það lagt til undir 32. lið í frumvarpinu, en jafnframt er rétt að fella úr gildi 2. lið 1. gr. laga nr. 105/1940, eins og hér er gert ráð fyrir.

Fylgiskjal.

Athugasemdir

við bréf Félags isl. iðnrekenda, dags. 29. apríl 1941, bréf h/f Hampiðjunnar, dags. 23. sept. 1941, og h/f Sjóklæðagerðar Íslands, dags. 24. s. m.

I.

Bréf Félags isl. iðnrekenda, dags. 29. apríl 1941.

- Um 1. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
- 2. Það þykir ekki rétt, að vörumagnstollurinn sé annar og lægri af línolíu en af öðrum jafnnauðsynlegum olíum og feititegundum.
 - 3. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
 - 4. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
 - 5. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
 - 6. Lækkaður verðtollur á alumíníumstearati eins og farið er fram á. Hins vegar þykir ekki fært að setja sölt naftensýranna í sérstakan toll, þar eð ekki er um að ræða fullskilgreind efni.
 - 7. Það þarf ekki lagabreytingu til þess að flytja Whitesprit í 27. kafla. Þar nægir úrskurður ráðherra. Verður væntanlega gert við endurútgáfu tollskrárinnar.
 - 8. Beiðnin tekin til greina að því leyti, að verðtollurinn er lækkaður eins og farið er fram á.
 - 9. Vörumagnstollurinn er hækkaður eins og farið er fram á. Hins vegar þykir ekki rétt að hækka verðtollinn nema í 10%, þar eð umrædd vara er einnig notuð til iðnaðar, en þó sérstaklega í málaraíðninni. Yrði tollur hækkaður meira en hér er gert ráð fyrir, má telja líklegt, að verðið innanlands mundi jafnframt hækka, og verður það að teljast óheppilegt fyrir jafnnauðsynlega vöru.
 - 10. Beiðnin að því leyti tekin til greina, að verðtollurinn á Gardinol kemur til að lækka eins og farið er fram á.
 - 11. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
 - 12. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.
 - 13. Ef ástæða er til að tolla nokkrar vefnaðarvörur hátt, eru það vörur þær, sem

koma undir nr. 8 og 9 í 46B kafla tollskrárinnar. Þó að vörur þessar séu eitthvað notaðar til sauma á nærfötum, virðist það ekki réttlæta þá lækkun, sem farið er fram á.

- Um 14. Eftir frumvarpinu er ætlað til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 40%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarendi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolti.
- 15. Eftir frumvarpinu er ætlað til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 30%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarendi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolti.
- 16. Eftir frumvarpinu er ætlað til, að verðtollurinn á hér umræddum vörum verði lækkaður úr 60% í 30%. Virðist það nægileg lækkun, enda tilsvarendi vefnaðarvara í aðeins 10% lægri verðtolti.
- 17. og 18. Vinnan við að búa til vörur þær, sem teygjuvörur þær, sem hér um ræðir, eru notaðar í, er ekki það mikil, að ástæða virðist til að lækka verðtollana á þeim meira en lagt er til í frumvarpinu.
- 19. Það leiðir af breytingu þeirri, sem lagt er til, að gerð verði á nr. 63 í 72. kafla, að vélar til lakk- og málningargerðar koma í 8% verðtoll.
- 20. Kostnaður af hnöppum og tölum getur varla talizt það verulegt atriði fyrir fataiðnina, að ástæða sé hennar vegna að lækka tollinn á þessum vörum yfirleitt.
- 21. Miðað við vörur unnar úr kakaóbaunum er tollurinn, sem nú er á kakaósmjöri, ekki óeðlilega hár. Kakaósmjörið er aðallega notað í súkkulaði, en á því er svo geysihár tollur, að súkkulaðiðnaðurinn getur verið fullsamkeppnisfær þrátt fyrir núverandi toll á kakaósmjöri.
- 22. Ekki þykir ástæða til að lækka verðtoll af pulp og safu úr ávöxtum, meðan ávextirnir sjálfir, sem þessar vörur eru unnar úr, eru í 30% verðtolti.
- Pectin er ekki eingöngu notað til iðnaðar, heldur einnig í heimahúsum, og er því sambærileg vara og t. d. gelatin, sem er í 30% verðtolti. Fyrir skömmu var hér á markaðinum pectin, sem hét „Melatin“ og var notað til sultugerðar í heimahúsum, svo að það er ekki algerlega rétt með farið í erindinu, að pectin sé eingöngu notað til iðnaðar.
- 23. Tekið upp í frumvarpið það, sem farið er fram á.

II.

Bréf h/f Hampiðjunnar, dags. 24. sept. 1941. Það, sem farið er fram á, er tekið upp í frumvarpið.

III.

Bréf h/f Sjóklæðagerðar Íslands, dags. 23. sept. 1941.

Eftir frumvarpinu verður 5% lægri verðtollur af efninu í regnkápur úr öðru en silki og gervisilki en af kápunum úr sama efni. Sami tollur verður á efninu í silki- og gervisilkikápunum og af kápunum. Tollarnir á tölum, hnöppum og spennum geta ekki talizt það verulegt atriði fyrir kápugeturinnar, að ástæða sé til lækkunar þess vegna. Gúmmilímið verður í lægra tolli en kápunar, ef frumvarpið nær fram að ganga.